

FS: Starfshópur til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

Til : Sóley Valdimarsdóttir <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>;Hugrún Hjálmarsdóttir <hugrun.hjalmarsdottir@mulathing.is>
Frá : Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>
CC : Jónína Brynjólfssdóttir <jonina.brynjolfssdottir@mulathing.is>
Heiti : FS: Starfshópur til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.
Málsnúmer : 202208105
Málsaðili : Umhverfis-, orku- og loftslagsr
Skráð dags : 23.08.2022 08:36:31
Höfundur : Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>

Viðhengi [image002.png](#)[image002.png](#)
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Umhverfis- og framkvæmdaráð



Með bestu kveðjum
Björn Ingimarsson
Sveitarstjóri
Sveitarfélagið Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstöðum
(354) 4700 700
bjorn.ingimarsson@mulathing.is
www.mulathing.is



[Skilmálar varðandi tölvupóst](#)

Frá: Vindorka

Sent: 23. ágúst 2022 08:27

Til: Vindorka ; Hafsteinn S. Hafsteinsson

Efni: Starfshópur til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

Til sveitarfélaga og samtaka þeirra.

Reykjavík, 23. ágúst 2022

Starfshópur til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

Með skipunarbréfi dags. 11. júlí sl. voru Hilmar Gunnlaugsson lögmaður, Björt Ólafsdóttir fyrrv. ráðherra og

Kolbeinn Óttarsson Proppé fyrrv. alþingismaður skipað í starfshóp til að skoða og gera tillögur til ráðuneytisins um nýtingu vindorku. Með hópnum starfar Hafsteinn S. Hafsteinsson, lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Jafnframt kemur fram að áhersla verði lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Tekið er fram að mikilvægt sé að breið sátt ríki um uppbyggingu slíkra vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru og taka verði afstöðu til gjaldtöku fyrir slíka nýtingu.

Starfshópnum er sérstaklega ætlað að huga að eftirfarandi grundvallarspurningum:

- a. Hvort rétt sé að virkjunarkostir í vindorku heyri áfram undir lög nr. 48/2011, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, en gerðar verði tilteknar breytingar á lögnum sem miði að því að aðlaga gildandi lagaramma betur að sérstöðu þessara virkjunarkosta þannig að unnt sé að einfalda og flýta opinberri málsmeðferð með hliðsjón af séreðli þeirra.
- b. Hvort rétt sé að virkjunarkostir í vindorku verði alfarið undanskildir lögum nr. 48/2011 en að settar verði sérreglur um meðferð slíkra virkjunarkosta með öðrum hætti en innan gildandi laga.

Þá er starfshópnum í framhaldinu ætlað að taka til skoðunar og gera tillögur um hvernig ná megi eftirfarandi markmiðum eða hvernig megi leysa úr eftirfarandi álitaeftum í löggjöf um vindorku miðað við þá leið sem lögð er til:

- Hvernig haga eigi samspili hagnýtingar vindorku og skipulags-, og leyfisveitingarferli þegar í hlut eiga viðkvæm svæði eða viðkvæmir þættir, eins og áhrif á náttúrufar og friðlýst svæði, fuglalíf, ferðamennsku, grenndarrétt eða önnur sjónarmið sem starfshópurinn telur mikilvæg.
- Hvernig ná megi fram þeirri áherslu í stjórnarsáttmála að vindorkuver byggist helst upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi.
- Hvernig ná megi fram sem breiðastri sátt um hagnýtingu vindorku meðal landsmanna eins og einnig er fjallað um í stjórnarsáttmála.
- Hvort horfa eigi til þess að hið opinbera hafi með höndum einhvers konar forgangsöröðun einstakra virkjunarkosta, heildarfjölda eða heildstæðra leyfðra vindorkuvera eða setji aðrar mögulegar skorður við vindorkunýtingu og fyrirkomulagi vindorkuvera. Hér má í dæmaskyni nefna opinbera stefnumörkun sem stuðlar að fáum en stórum vindorkuverum frekar en fjölda minni vindorkuvera, útilokun tiltekinna svæða landsins frá vindorkunýtingu eða með öðrum hætti að mati starfshópsins.
- Hvernig rétt sé að haga ákvörðunar- og leyfisveitingarferli virkjunarkosta í vindorku, þ.m.t. hlutverk ólíkra stjórnsýslustiga hvort sem er ríki, sveitarfélaga eða hugsanlega annarra aðila að slíku ferli.
- Hvernig best sé að haga gjaldtöku vegna hagnýtingar vindorku.

Í skipunarbréfinu er sérstaklega tiltekið að starfshópurinn skuli vinna náið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga við undirbúning tillagna sinna og frumvarps. Þá sé gert ráð fyrir samráði við hagaðila, hlutaðeigandi ráðuneyti eða stofnanir eftir því sem við á.

Starfshópurinn hefur tekið til starfa og ákveðið að hefja samráðsferli strax, enda afar brýnt að aðilar sem hafa skoðanir á viðfangsefni hópsins hafi góð tækifæri til að koma þeim á framfæri strax í upphafi ferilsins. Er sveitarfélögum sem viðtakendum þessa bréfs því boðið að senda sjónarmið sín um ofangreind atriði til starfshópsins í netfangið vindorka@urn.is Einnig er gert ráð fyrir því að starfshópurinn fundi með hagaðilum síðar á þessu ári þar sem um gagnkvæmari samskipti verði að ræða.

Þess er óskað að sjónarmið verði send skriflega í ofangreint netfang fyrir 30. september n.k.

Virðingarfyllst,
f.h. starfshópsins

Hafsteinn S. Hafsteinsson,

Hafsteinn S. Hafsteinsson, lögfræðingur

Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)